

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Háholts 7, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 14. ágúst 2003.

Lóð Háholts 7 stækkuð úr 3207 m² í 5600 m².

Heimilt er að byggja nýbyggingu á lóðinni og auka nýtingarhlutfall hennar. Á lóðinni er heimill rekstur gisti- og veitingaþjónustu.

Uppdráttur og skýringarmynd hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldra deiliskipulag.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 8. janúar 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur og á grundvelli viðauka IV A við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á smurosti frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| Úr tollnúmeri: | Vara | Tímabil | Vörumagn kg | Verðtollur % | Magntollur kr./kg |
|----------------|-----------|-------------------------|----------------|-----------------|----------------------|
| 0406.3000 | Smurostur | 01.01.2004 - 31.12.2004 | 13.000 | 0 | 0 |

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafí vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.